



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Skólaþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla

Niðurstöður spurningakönnunar til
leikskólastjóra, grunnskólastjóra og
forsvaraðila skólaþjónustu

Birna María Svanbjörnsdóttir

Hermína Gunnþórsdóttir

Jórunn Elísdóttir

Rúnar Sigþórsson

Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Skólaþjónusta sveitarfélaga
við leik- og grunnskóla
Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra,
grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu

Birna María Svanbjörnsdóttir
Hermína Gunnþórsdóttir
Jórunn Elídóttir
Rúnar Sigþórsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Febrúar 2020

Skóláþjónusta sveitarfélaga við leik- og grunnskóla
Niðurstöður spurningakönnunar til leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila
skóláþjónustu

© Birna María Svanbjörnsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Jórunn Elíadóttir, Rúnar Sigþórsson
Sigríður Margrét Sigurðardóttir

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna.....	4
Inngangur	8
Niðurstöður.....	9
Skipulag skólaþjónustu sveitarfélaga	9
Stefna sveitarfélaga um skólaþjónustu.....	9
Viðfangsefni og starfshættir skólaþjónustu	11
Starfsskilyrði skólaþjónustu	19
Samstarf skólaþjónustu við ýmsa aðila og stofnanir	20
Áskoranir um að mæta kröfum um menntun fyrir alla.....	23
Bakgrunnsspurningar	23

Samantekt niðurstaðna

Hér á eftir eru meginatriði í niðurstöðum skýrslunnar dregin saman eftir sömu þemum og niðurstöðunum sjálfum er skipt upp í.

Skipulag skólaþjónustu sveitarfélaga

- Mikill meirihluti svarenda býr annað hvort við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum eða eigin skólaþjónustu og með aðkeyptri þjónustu í bland. Þriðja algengasta formið er samstarfsverkefni í formi byggðasamlags.
- Misræmi er í svörum skólastjóra leik- og grunnskóla annars vegar og forsvarsaðila skólaþjónustu hins vegar um fyrirkomulag þjónustunnar sem bendir til þess að ekki sé öllum ljóst hvert það er.

Stefna sveitarfélaga um skólaþjónustu

- Meirihluti svarenda telur stefnu skólaþjónustunnar vera skýra og mest þeir sem búa við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum. Nokkur munur er á mati skólastjóra annars vegar og forsvarsaðila skólaþjónustunnar hins vegar um skýrleika stefnunnar en færri forsvarsaðilar en skólastjórar telja hana mjög skýra.
- Skiptar skoðanir eru um ýmsar áherslur í skólastefnunni og nokkuð áberandi er að skólastjórar grunnskóla meta áherslurnar á annan hátt en skólastjórar leikskóla og forsvarsaðilar. Það á til dæmis við um ráðgjöf vegna félags- og sálræns vanda, ráðgjöf við námsvanda, forvarnarstarf og fjölbreyttan stuðning við starfshætti skóla og starfsfólk þeirra.
- Meirihluti svarenda telur mikla áherslu vera á greiningar á vanda nemenda en þar er mat skólastjóra leik- og grunnskóla nokkuð sambærilegt meðan forsvarsaðilar skólaþjónustu telja áhersluna minni.

Viðfangsefni og starfshættir skólaþjónustu

- Um helmingur svarenda telur að stuðningur við nemendur sé innan við 40% af starfsemi skólaþjónustunnar og hinn helmingurinn telur að þessi stuðningur sé á bilinu 40–79%. Svarendur hafa þó ólíka sýn á þetta og hlutfall þeirra sem telja að þessi þáttur sé meira en 40% er hæst meðal leikskólastjóra en lægst meðal grunnskólastjóra.
- Yfirgnæfandi meirihluti svarenda telur að stuðningur við foreldra og starfsfólk og starfsemi skóla sé innan við 40% af starfseminni og lítill munur er á svörum eftir starfsvettvangi. Nokkur munur er eftir rekstrarformi og hlutfall þeirra sem telja þennan stuðning meira en 40% af starfseminni er hæst meðal þeirra sem búa við skólaþjónustu í formi byggðasamlags.
- Þrjú fjórðu svarenda segjast hafa aðgang að umsóknarblöðum vegna greininga en lægst er hlutfall þeirra sem segja að umsóknareyðublöð vegna ráðgjafar við þróunarstarf séu aðgengileg; einungis einn fjórði telur svo vera. Í öllum tilvikum er algengast að forsvarsaðilar skólaþjónustu telji þau eyðublöð sem um er spurt aðgengileg. Leikskólastjórar koma næstir en grunnskólastjórar telja þau síst aðgengileg.
- Mikill meirihluti svarenda telur að áhersla sé lögð á það í skólaþjónustunni að veita nemendum og foreldrum stuðning með ráðgjöf vegna námsvanda nemenda, félagslegra aðstæðna, sálræns

vanda og hegðunarvanda, og með greiningum á námsstöðu nemenda og skilafundum í kjölfar greiningar. Alls staðar nema varðandi síðast nefnda atriðið (skilafundi) er talsverður munur á milli svara eftir starfsheitum svarenda; lægst er hlutfallið meðal grunnskólastjóra en hæst hjá þeim sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustunni.

- Ekki virðist vera mikil áhersla lögð á sértækan og reglulegan stuðning við börn utan skólans í framhaldi af greiningu og rúmur helmingur svarenda telur hana litla. Hlutfall þeirra sem telja þessa áherslu litla er langhæst meðal grunnskólastjóra.
- Um og innan við helmingur svarenda telur að skólaþjónustan leggi mikla áherslu á stuðning við foreldra í stuðningi við barn í almennri kennslustofu í framhaldi af greiningu og enn færri, eða um og innan við fjórðungur svarenda, telja að áhersla sé mikil á stuðning við heimili og fræðslufundi fyrir foreldra í framhaldi af greiningu.
- Rúmlega helmingur svarenda telur að mikil áhersla sé lögð á það í skólaþjónustunni að veita starfsfólki skóla stuðning með almennum ráðgjafafundum eða fræðslufundum og kennslufræðilegri ráðgjöf í daglegu starfi með nemendum. Hinn helmingurinn telur þessa áherslu litla. Aftur á móti telur mikill meirihluti að mikil áhersla sé lögð á ráðgjöf vegna sértækra þarfa einstakra barna. Í þessum svörum er mikill munur á svörum leik- og grunnskólastjóra og forsvarsaðila skólaþjónustunnar. Hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla er lægst meðal grunnskólastjóra en hæst meðal forsvarsmanna skólaþjónustu.
- Lítil áhersla virðist vera lögð á ráðgjöf með skipulögðum fræðslufundum, ráðgjöf vegna þróunarverkefna og starfsumhverfis og mat á skólastarfi. Hlutfall þeirra sem telja þessa áherslu mikla er einnig lægst meðal grunnskólastjóra.
- Samráðsfundir og teymisvinna eru algengasta form samstarfs milli annars vegar sérfræðinga skólaþjónustu sem sjá um greiningar á nemendum og hins vegar sérfræðinga hennar sem styðja við starfsfólk og starfshætti skóla. Í öllum tilvikum telja forsvarsaðilar skólaþjónustu þau samstarfsform sem spurt er um algengari en bæði leikskólastjórar og grunnskólastjórar.
- Hlutfall svarenda sem telja að skólaþjónustan hafi oft frumkvæði að heimsóknum í skóla og frumkvæði að ýmiss konar ráðgjöf sem miðar að því að styrkja skólastarfið er alls staðar lægra en hlutfall þeirra sem telja að frumkvæði sé oft til staðar. Hlutfall þeirra sem telja að frumkvæðið eigi sér oft stað er innan við fimmtungur í sex þáttum af sautján sem spurt var um og innan við þriðjungur í átta þáttum til viðbótar. Í öllum þáttunum er hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla lægst meðal grunnskólastjóra en hæst hjá forsvarsmönnum skólaþjónustu.
- Meirihluti svarenda telur að skólaþjónusta sveitarfélagsins leggi áherslu á að starfsfólk skóla hafi frumkvæði að því efla skólastarfið og skapa umbótamiðaða skólamenningu í skólum sveitarfélagsins og að fræðslufirvöld og skólastjórar séu samstíga um leiðir til að efla skólaþjónustu sveitarfélagsins. Einnig telur meirihluti svarenda að fræðslufirvöld sveitarfélagsins hvetji og styðji starfsmenn skóla til að ígrunda eigin starfshætti. Í öllum þessum þáttum hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingum lægst meðal grunnskólastjóra en hæst meðal forsvarsmanna skólaþjónustu.

Starfsskilyrði skólaþjónustu

- Svarendur telja almennt að skólaþjónustan sé vel í stakk búin til að bregðast við óskum skólastjóra um þjónustu og að áhersla sé lögð á það meðal fræðslufirvalda að tryggja stöðugleika hennar. Mun fleiri forsvaraðilar skólaþjónustu en leikskólastjórar og grunnskólastjórar telja að svo sé.
- Svarendur telja almennt að sérfræðipækning starfsmanna ráði mestu um áherslur þjónustunnar en skólastjórar grunnskóla telja frekar en skólastjórar leikskóla og forsvaraðilar skólaþjónustu að svo sé.
- Skiptar skoðanir eru um það hvort erfiðleikar í mönnum skólaþjónustunnar hafi neikvæð áhrif á starfsemi hennar. Tilhneiging er til þess að forsvaraðilar skólaþjónustu telji frekar en skólastjórar að slíkir erfiðleikar hafi neikvæð áhrif.

Samstarf skólaþjónustu við ýmsa aðila

- Um það bil tveir þriðju svarendahópsins í heild telja að samstarf skólaþjónustu við félagsþjónustu sé mikið en mun hærra hlutfall forsvarmanna skólaþjónustu en skólastjóra telur að svo sé.
- Í svörum við opinni spurningu lýsa flestir inntaki samstarfsins sem samráði, fundum eða teymisvinnu um ýmiss konar vanda nemenda, greiningar og leit að úrræðum, en örfá svör lýsa einhverju sem tengja má við starfs- eða skólaþróun eða tilraunir til að tengja málefni einstakra nemenda við hana. Engin dæmi eru um að svarendur setji spurningarmerki við þessa forgangsröðun.
- Tímaskortur og mannekla er algengasta hindrunin fyrir samstarfi sem nefnd er en einnig er nefnt að ytra skipulag eða skipurit girði milli þessara þjónustukerfa.
- Miklum mun færri telja samstarf skólaþjónustu við heilbrigðisþjónustu mikið og aftur eru hlutfallslega flestir í hópi forstöðumanna skólaþjónustu á þeirri skoðun. Talsvert hærra hlutfall leikskólastjóra en grunnskólastjóra telur þetta samstarf mikið.
- Í svörum við opinni spurningu lýsa svarendur inntaki samstarfs við heilbrigðisþjónustu á líkan hátt og samstarfi við félagsþjónustu; sem samráði, fundum og teymisvinnu sem snúist um vanda, erfiðleika og frávik nemenda. Í flestum tilvikum virðist um að ræða beint samstarf skóla við heilbrigðisþjónustu (skólahjúkrunarfræðinga) og samstarf leikskóla við hjúkrunarfræðinga heilsugæslu um ýmiss konar heilsuvernd barna.
- Að mati svarenda er tímaskortur, mannekla og starfsmannavelta algengasta hindrunin fyrir samstarfi við heilbrigðisþjónustu og næst flest svör lúta að ólíkum forsendum starfseminnar (svo sem reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga) og svo ýmiss konar hömlum sem rekja má til ytra skipulags og skorts á skipulagi og verkferlum.
- Afar fátítt er að samningar hafi verið gerðir um skólaþjónustu í framhaldsskólum en þau fáu dæmi sem nefnd eru snúa að sálfræðiþjónustu eða þjónustu við nemendur sem koma með greiningar úr grunnskóla.

Áskoranir um að mæta kröfum um menntun fyrir alla

- Í svörum við opinni spurningu eru nefndar áskoranir sem snúast um að koma til móts við námslega stöðu nemenda. Svarendum verður þó, og þá sérstaklega grunnskólastjórnendum, tíðrætt um áskoranir sem tengjast líðan og hegðun nemenda og börnum með fjölþættan vanda. Leikskólastjórar og forsvarsaðilar skólajónustu nefna frekar en grunnskólastjórar áskoranir við kennslu barna með annað móðurmál en íslensku.
- Sammæli eru um að ein meginhindrunin við að takast á við áskoranir um menntun fyrir alla sé skortur á sérfræðipækkingu og færni til þess. Grunnskólastjórar telja þessa hindrun snúa bæði að sérfræðipækkingu innan skólanna sem og þeim stuðningi sem skólajónustan veitir. Þeir vilja fjölbreyttari starfsstéttir til starfa innan skólanna, fleiri sérkennara og kennaramenntaða. Þeir vilja fleiri úrræði og öflugri skólajónustu sem getur veitt sérhæfðari stuðning inn í skólana og stutt betur við starfsþróun kennara.
- Leikskólastjórar telja mönnun leikskólans vera mesta vanda leikskólanna, einkum skort á réttindakennurum og fagpækkingu, og vilja að skólajónustan og fræðsluyfirvöld styðji betur við nám og endurmenntun kennara og skapi aðstæður sem laði að réttindafólk. Bæta þarf starfsaðstæður og auka rými hvers barns.
- Forsvarsaðilar skólajónustunnar telja eina megináskorunina felast í skorti á færni og pækkingu kennara og í því að efla starfsþróun kennara og fá þá til að breyta vinnubrögðum sínum.
- Nokkrir úr öllum þremur hópunum telja að breyta þurfi viðhorfum til menntunar og styrkja sameiginlega sýn skólasamfélagsins á menntun.

Inngangur

Þessi skýrsla er unnin upp úr svörum við spurningakönnun sem send var til skólastjóra leik- og grunn-skóla og þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu (yfirmanna skólaskrifstofa og sveitarstjóra) í 72 sveitarfélögum á Íslandi. Framkvæmdartími könnunarinnar var janúar til mars 2019. Spurningakönnunin er hluti af stærri rannsókn á stefnu, umgjörð, fjármögnun og starfsháttum skólaþjónustu sveitarfélaga með áherslu á þá þjónustu sem sveitarfélögum ber samkvæmt lögum að veita skólum. Auk spurningakönnunarinnar hefur gögnum verið safnað með greiningu á helstu stefnuskjölum um skólaþjónustuna sem birt eru á vef sveitarfélaga (umfjöllun um skólaþjónustu í skólastefnu sveitarfélaga og upplýsingum frá skólaskrifstofum á vef sveitarfélaga) og viðtölum við forsvaraðila skólaþjónustunnar í fimm völdum tilvikum. Verkefninu er ætlað að gefa heildarmynd af umgjörð og starfsháttum skólaþjónustu sveitarfélaga en slík rannsókn hefur ekki áður verið gerð á Íslandi. Niðurstöðurnar munu nýtast sveitarfélögum til að styrkja skólaþjónustu sína með það fyrir augum að efla skóla sem faglegar stofnanir og beina athygli að menntun fyrir alla og jafnræði til náms á landsvísu.

Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka umgjörð og starfshætti skólaþjónustu sveitarfélaga og hvernig þau standa að því að tryggja skólum sínum þann aðgang að skólaþjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Nánar tiltekið eru markmiðin eftirfarandi:

1. Kanna stefnu og forystu fræðslufirvalda sveitarfélaga um skólaþjónustu, hvernig hún tekur mið af hlutverki þjónustunnar eins og það er skilgreint í lögum og reglugerðum og hvernig hún birtist í umgjörð og starfsháttum skólaskrifstofa.
2. Kanna starfslýsingar og hlutverk starfsmanna skólaskrifstofa og að hve miklu leyti þjónusta er veitt af föstum starfsmönnum skólaskrifstofa, sem og áherslu skólaskrifstofa á faglegan stuðning við kennara og skóla annars vegar og klínískar greiningar á börnum og meðferð þeirra og sérúrræði utan skólans hins vegar.
3. Kanna samspil skólaþjónustu við félagsþjónustu sveitarfélaga og stofnanir innan heilbrigðiskerfisins sem annast greiningar á nemendum.
4. Skilgreina og finna dæmi um starfshætti skólaþjónustu sem telja má líklega til að stuðla að virkum stuðningi hennar við starfsþróun kennara, eflingu lærdómssamfélaga í skólum og framgangi skólastefnu.

Rannsóknin er styrkt af Rannsóknarsjóði Háskólans á Akureyri og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) annaðist umsýslu spurningakönnunarinnar. Ómar Hjalti Sölvason sá um grunnúrvinnslu könnunarinnar sem birt er í viðauka.

Skýrslunni er ætlað að veita yfirlit yfir helstu niðurstöður spurningakönnunarinnar. Að loknum inngangi eru kaflar um sjö meginþemu í niðurstöðunum. Þau eru: 1) Skipulag skólaþjónustu sveitarfélaga, 2) Stefna sveitarfélaga um skólaþjónustu, 3) Viðfangsefni og starfshættir skólaþjónustu, 4) Starfsskilyrði skólaþjónustu, 5) Samstarf skólaþjónustu við ýmsa aðila og stofnanir, 6) Áskoranir við að mæta kröfum um menntun fyrir alla og 7) Bakgrunnsspurningar.

Skýrslunni fylgir viðauki þar sem birt er yfirlit yfir allar niðurstöður spurningakönnunarinnar. Fyrir hverja spurningu er myndrit sem sýnir heildardreifingu svara og töflur sem sýna greiningu eftir svarendahópum og rekstarformi skólaskrifstofa.

Niðurstöður

Niðurstöðum er skipt í sjö kafla. Þeir eru: 1) Skipulag skólaþjónustu sveitarfélaga, 2) Stefna sveitarfélaga um skólaþjónustu, 3) Viðfangsefni og starfshættir skólaþjónustu, 4) Starfsskilyrði skólaþjónustu, 5) Samstarf skólaþjónustu við ýmsa aðila og stofnanir, 6) Áskoranir við að mæta kröfum um menntun fyrir alla og 7) Bakgrunnsspurningar.

Í hverjum kafla eru tilgreindar þær spurningar úr könnuninni sem liggja til grundvallar og gerð grein fyrir heildarniðurstöðum úr svörum við þeim. Flest svörin eru greind eftir þeim þremur hópum svarenda sem könnunin náði til en það eru: 1) grunnskólastjórar, 2) leikskólastjórar og 3) forsvarsmenn skólaþjónustu. Enn fremur eru þau greind eftir þremur algengustu rekstrarformum skólaþjónustu en þau eru: 1) eigin skólaþjónusta með föstum starfsmönnum, 2) eigin skólaþjónusta og aðkeypt þjónusta og 3) skólaþjónusta sem er samstarfsverkefni sveitarfélaga (byggðasamlag). Ýmist er gerð grein fyrir svörum við einstökum spurningum eða svör við nokkrum spurningum tekin saman í einu lagi. Það er gert þegar dreifing svara í samstæðum spurningum er hliðstæð og svörin draga þannig upp heildarmynd af því sem spurt er um. Í spurningalistanum voru tíu opnar spurningar og mjög misjafnlega mörg svör bárust við þeim. Gerð er grein fyrir svörum við nokkrum þessara opnu spurninga en þeim spurningum sem mjög fáir svöruðu er sleppt í samantektinni.

Skipulag skólaþjónustu sveitarfélaga

Í þessum kafla er gerð grein fyrir svörum um skipulag skólaþjónustunnar til að fá mynd af margvíslegum rekstrarformum hennar. Spurningarnar eru eftirfarandi:

Spurning 1: Hvernig er skólaþjónustan á vegum sveitarfélagsins skipulögð?

Um 75% svarenda hafa annað hvort eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum eða eigin skólaþjónustu og aðkeypta þjónustu í bland. Í tæplega 15% tilvika er skólaþjónustan samstarfsverkefni í formi byggðasamlags. Há 10% svarenda er um annars konar fyrirkomulag að ræða og í tveimur tilvikum er engin formleg skólaþjónusta til staðar.

Þegar svörin eru greind eftir svarendahópum kemur fram verulegur munur á svörum skólastjóra annars vegar og forsvaraðila skólaþjónustu hins vegar. Rétt um helmingur skólastjóra leik- og grunnskóla segist hafa eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum en einungis 19% skólaþjónustuaðila segja það skipulag vera til staðar. Minni munur er á svörum hópanna um hvort þeir búi við eigin skólaþjónustu og aðkeypta þjónustu í bland. Á bilinu 24%–30% skólastjóra telja svo vera en 35% forsvaramanna skólaþjónustu. Velta má fyrir sér hver skýringin á þessu misræmi í svörum er og hvort aðilar þekki ekki til þess skipulags skólaþjónustu sem þeir búa við.

Stefna sveitarfélaga um skólaþjónustu

Í þessum kafla er gerð grein fyrir svörum við spurningum um stefnu sveitarfélaga um skólaþjónustu. Spurt var um mat svarenda á því hversu skýr þeir telja að stefnan sé og hversu mikla áherslu þeir telja lagða á ýmiss konar stuðning við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra í stefnunni. Spurningarnar eru eftirfarandi:

Spurning 3: Hversu skýr eða óskýr er umfjöllun um skólaþjónustu í skólastefnu sveitarfélagsins?

Ríflega 70% svarenda telja umfjöllun um skólaþjónustu í skólastefnu sveitarfélagsins mjög eða fremur skýra. Það er hins vegar verulegur munur á svörum skólastjóra annars vegar og forsvarsaðila skólaskrifstofa hins vegar um þetta. Þannig telja 71%–80% leik- og grunnskólastjóra umfjöllunina skýra en einungis 56% forsvarsmanna telja svo vera.

Þegar svörin eru skoðuð með tilliti til rekstrarforms skólaþjónustu telja þeir sem hafa eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum umfjöllunina skýrasta, en 84% þeirra telja hana þá vera mjög eða fremur skýra á móti 75% þeirra sem hafa eigin skólaþjónustu og aðkeypta þjónustu í bland og ríflega 63% þeirra sem hafa skólaþjónustu sem samstarfsverkefni.

Spurning 4 (a-h): Hversu mikil eða lítil áhersla er á eftirtalda þætti í skólastefnunni?

Í spurningu fjögur eru þátttakendur beðnir að meta hversu mikla eða litla áherslu þeir telja vera lagða á ýmsa þætti í skólastefnunni.

4a) Greiningar á nemendum sem eiga í einhvers konar vanda

Rúmlega 70% svarenda telja að í skólastefnu sveitarfélagsins sé mjög eða fremur mikil áhersla á greiningar á nemendum sem eiga í einhvers konar vanda. Mat skólastjóra leik- og grunnskóla er nokkuð svipað en forsvarsmenn skólaþjónustu meta þá tilhneigingu ekki eins mikla, eða 55% á móti 70–76% skólastjóra. Þessi munur er þó ekki tölfræðilega marktækur.

Ef litið er til rekstrarforms skólaþjónustu er heldur ekki marktækur munur en þó er hlutfall þeirra sem svara því til að áhersla á greiningar sé mjög eða fremur mikil hæst hjá þeim sem búa við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum, eða 80%, meðan þetta hlutfall er 62% hjá þeim sem eru með eigin skólaþjónustu og aðkeypta skólaþjónustu í bland og 56% þar sem skólaþjónustan er samstarfsverkefni (byggðasamlag).

4b) Ráðgjöf vegna félagslegs og sálræns vanda nemenda sem stuðlar að því að þeir fái kennslu við hæfi

Rétt um 65% svarenda telja mjög eða fremur mikla áherslu vera í skólastefnu á ráðgjöf vegna félagslegs og sálræns vanda nemenda sem stuðlar að því að þeir fái kennslu við hæfi. Þar greina skólastjórar grunnskóla sig töluvert frá skólastjórum leikskóla og forsvarsmönnum skólaþjónustu en um helmingur grunnskólastjóranna telur hana mjög eða fremur mikla á móti rétt um 75% hinna. Einnig er munur á svörum eftir rekstrarformi, þannig að hlutfall þeirra sem telja að áherslan á þennan þátt sé mikil er hæst meðal þeirra sem hafa eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum.

4c) Ráðgjöf vegna námsvanda sem stuðlar að því að nemendur fái kennslu við hæfi

Um það bil 65% svarenda telja að í skólastefnu sé mjög mikil eða fremur mikil áhersla lögð á ráðgjöf vegna námsvanda sem stuðlar að því að nemendur fái kennslu við hæfi. Þegar litið er til starfsvettvangs svarenda telja 58% skólastjóra grunnskóla áherslu á þessa ráðgjöf mikla á móti 71% leikskólastjóra og 70% þeirra sem eru í forsvari skólaþjónustu.

Töluverður munur er einnig á svörum eftir rekstrarformi og er hlutfall þeirra sem telur að mikil áhersla sé lögð á ráðgjöf vegna námsvanda hæst (74%) í sveitarfélögum sem reka eigin skólaþjónustu með aðkeyptri þjónustu í bland en lægst þar sem skólaþjónusta er samstarfsverkefni (60%). Þar eru líka flestir (31%) sem telja að áherslan sé lítil eða engin.

4d) Forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda

Um 60% svarenda telja áherslu í skólastefnu sveitarfélagsins á forvarnarstarf til að stuðla að markvissri velferð nemenda mjög eða fremur mikla. Þegar svörin eru greind út frá hlutverki stjórnenda telja 48% skólastjóra grunnskóla áhersluna mikla en 65% leikskólastjóra og 76% forsvarsmanna skólaþjónustu telja að svo sé. Þá telur um fjórðungur forsvarsmanna skólaskrifstofu og leikskólastjóra áherslu á forvarnarstarfið litla eða enga og helmingur grunnskólastjóra telur að svo sé. Ekki er afgerandi munur á svörum eftir rekstrarformi.

4e) Snemmtækt mat á stöðu nemenda

Um það bil 72% svarendahópsins í heild telja áherslu í skólastefnu á snemmtækt mat á stöðu nemenda vera mjög eða fremur mikla en um fjórðungur telur hana litla eða enga. Ekki er afgerandi munur eftir starfsvettvangi svarenda en þó vekur athygli að nálægt fimmtungi forsvarsmanna skólaþjónustu og leikskólastjóra telur þessa áherslu litla eða enga og upp undir þriðjungur grunnskólastjóra.

Lítill (og ekki marktækur) munur er á svörum eftir rekstrarformi skólaþjónustu. Hlutfall þeirra sem telja þessa þjónustu mikla er lægst þar sem skólaþjónusta er samstarfsverkefni (byggðasamlag), eða 61%, en um það bil þrjú fjórðu svarenda úr sveitarfélögum sem reka eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum eða aðkeyptri þjónustu í bland eru sama sinnis. Þeir sem hafa skólaþjónustu sem er samstarfsverkefni svara í meira mæli að þessi áhersla sé mjög lítil eða engin eða 34% á móti um fimmtungi þeirra sem hafa eigin skólaþjónustu.

4f) Fjölbreyttur stuðningur við starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra

Um 65% telja fremur eða mjög mikla áherslu í skólastefnu sveitarfélagsins á fjölbreyttan stuðning við starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra en um þriðjungur svarenda telur hana fremur eða mjög litla.

Töluverður munur er á mati á þessu eftir starfsvettvangi svarenda. Lægst hlutfall grunnskólastjóra (48%) telur þessa áherslu mikla en um þrjú fjórðu leikskólakennara og forsvarsmanna skólaþjónustu eru sama sinnis. Ekki er afgerandi munur á svörum eftir rekstrarformi.

4g) Tengsl og samfella leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Í sambandi við áherslu í skólastefnu á tengsl og samfella leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla svara tæplega 70% því til að hún sé mjög eða fremur mikil. Tiltölulega lítill munur er á mati svarendahópa, hvort sem er eftir starfsvettvangi eða rekstrarformi skólaskrifstofa.

4h) Stuðningur við foreldra

Um tveir þriðju svarenda telja áherslu í skólastefnu á stuðning við foreldra vera mjög eða fremur mikla. Töluverður munur er á svörum eftir starfsvettvangi svarenda. Hlutfall þeirra sem telja þessa áherslu mikla er hæst í hópi leikskólastjóra (um þrjú fjórðu) og innan við fimmtungur telur hana litla eða enga. Hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla er lægst í hópi grunnskólastjóra (54%) og í þeim hópi telja nærri 40% þessa áherslu vera litla eða enga. Ekki er afgerandi munur á svörum eftir rekstrarformi.

Viðfangsefni og starfshættir skólaþjónustu

Í þessum kafla skýrslunnar er fjallað um svör við spurningum 5–10, spurningu 12 og að hluta til spurningu 14 en í þeim var spurt um viðfangsefni og starfshætti skólaþjónustunnar. Spurt var um hlutfall

ýmissa viðfangsefna skólaþjónustunnar; um aðgengi að umsóknareyðublöðum um skólaþjónustu; ýmsa áhersluþætti innan skólaþjónustunnar sem lúta að stuðningi við nemendur, foreldra og starfsfólk skóla; fyrirkomulag samstarfs milli ýmissa sérfræðinga skólaþjónustu og um áherslu skólaþjónustunnar á ígrundun og frumkvæði starfsmanna skóla. Spurningarnar eru eftirfarandi:

Spurning 5 (a-e): Hvert telur þú vera hlutfall eftirtalinna viðfangsefna skólaþjónustunnar í þínu sveitarfélagi?

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að svara því hvert þeir telja vera hlutfall þeirra viðfangsefna sem upp eru talin af heildarstarfsemi skólaþjónustunnar þannig að svörin verði samanlagt 100%. Í úrvinnslunni eru svörin tekin saman í fimm flokka á eftirtöldum bilum: 0–19%, 20–39%, 40–59%, 60–79% og 80–100%.

5a) Stuðningur við nemendur

Um helmingur svarenda telur að innan við 40% af viðfangsefnum skólaþjónustunnar felist í stuðningi við nemendur. Tæpur helmingur telur að þessi stuðningur sé á bilinu 40–79% af þeim viðfangsefnum sem skólaþjónustan veitir.

Verulegur munur er á svörum eftir starfsvettvangi svarenda. Leikskólastjórar telja mun fremur en grunnskólastjórar (57% á móti 39%) að meira en 40% af starfsemi skólaþjónustunnar felist í stuðningi við nemendur. Svör forsvaraðila skólaþjónustu liggja þarna á milli en 45% þeirra eru þessa sinnis. Þess ber að geta að þeir svara bæði fyrir leik- og grunnskóla sem getur skýrt mun á svörum þeirra miðað við leik- og grunnskólastjóra. Lítil munur er á svörum þegar litið er til þriggja algengustu rekstrarforma skólaþjónustu.

5b) Stuðningur við foreldra og börn/nemendur

Um 92% svarenda telur að stuðningur við foreldra og börn sé innan við 40% af viðfangsefnum skólaþjónustu og um þriðjungur svarenda metur það svo að þessi þáttur sé innan við 20% af starfseminni. Lítil munur er á svörum eftir starfsvettvangi eða þriggja algengustu rekstrarformanna.

5c) Stuðningur við starfsfólk og starfsemi skóla

Um 82% svarenda telja þennan þátt innan við 40% af starfsemi skólaþjónustunnar og þar af telja um 30% hann vera innan við fimmtung af henni. Lítil munur er á svörum eftir starfsvettvangi en þó eru leik- og grunnskólastjórar líklegri en forsvaraðilar skólaþjónustu til að telja þennan þátt vera minna en 20% (31–35% á móti 15%).

Nokkur munur er á svörum eftir rekstrarformi. Þar sem um er að ræða eigin skólaþjónustu og aðkeypta þjónustu í bland telja tæp 92% að hlutfall stuðnings við starfsfólk og starfsemi skóla sé innan við 40% en 67% þeirra sem búa við skólaþjónustu í formi byggðasamlags telja að svo sé. Þar er að sama skapi að finna langhæsta hlutfall (um þriðjungur) þeirra sem telja að þessi stuðningur sé yfir 40% af starfseminni.

5d) Önnur viðfangsefni

Langflestir (97%) telja að önnur viðfangsefni skólaþjónustu en þau sem upp hafa verið talin séu innan við 40% og þar af telja 76% þau vera innan við fimmtung.

Þegar svörin eru greind eftir starfsvettvangi svarenda kemur í ljós að álíka hlutfall allra hópanna þriggja (93–98%) telur að önnur viðfangsefni séu innan við 40% af starfseminni. Aftur á móti eru grunnskólastjórar líklegastir til að telja þau innan við fimmtung starfseminnar. Tæp 60% þeirra telja að svo sé á móti 82% forsvarsmanna skólaþjónustu og 86% leikskólastjóra. Þegar litið er á algengustu rekstrarformin er lítil munur á svörum.

Spurning 6 (a-f): Hvaða umsóknareyðublöð eru tiltæk á vegum skólaþjónustunnar?

Með þessari spurningu var kannað hvaða þjónusta er hægt að sækja um á þeim umsóknareyðublöðum sem tiltæk eru á vegum skólaþjónustu. Svarendur voru beðnir að merkja við allt sem við á og gefnir eftirfarandi möguleikar: Greiningar, aðstoð við nemendur, aðstoð við kennara, ráðgjöf við þróunarstarf, aðstoð við foreldra, önnur.

6a) Greiningar

6b) Aðstoð við nemendur

Meirihluti svarenda telur að umsóknareyðublöð um greiningar (74%) og aðstoð við nemendur (65%) séu tiltæk á vegum skólaþjónustunnar. Í fyrri spurningunni er lítil munur er eftir starfsvettvangi en á bilinu 70–75% grunn- og leikskólastjóra og 81% þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu telja að þessi eyðublöð séu fyrir hendi. Aftur á móti telur hærra hlutfall þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu en bæði grunnskólastjóra (56%) og leikskólastjóra (67%) að til séu eyðublöð til að sækja um aðstoð við nemendur. Í báðum tilvikum eru svörin sambærileg eftir rekstrarformum.

6c) Aðstoð við kennara

Þegar spurt er um eyðublöð til að sækja um aðstoð við kennara snýst hlutfallið við og meirihluti svarendahópsins (60%) telur að slík eyðublöð séu ekki fyrir hendi. Óverulegur munur er á þessu eftir starfsvettvangi svarenda en þó er hlutfall þeirra sem kannast við þessi eyðublöð einna lægst meðal grunnskólastjóra. Aftur á móti er marktækur munur á svörum eftir rekstrarformi. Þar sem er eigin skólaþjónusta með föstum starfsmönnum eða aðkeyptri þjónustu í bland telja um 40% að eyðublöð af þessu tagi séu til staðar en þar sem eru þjónustan er rekin af byggðarsamlagi er hlutfallið 59%.

6d) Ráðgjöf við þróunarstarf

Umsóknarblöð um ráðgjöf við þróunarstarf virðast fágæt því um 75% svarenda telja þau ekki til staðar. Eins og í spurningu 6c svara fæstir úr hópi grunnskólastjóra þessu játandi (17%) en álíka hlutfall leikskólastjóra (30%) og forsvarsmanna skólaþjónustu (35%) er á sama máli. Lítil munur er hér á svörum eftir rekstrarformi.

6e) Aðstoð við foreldra

Rúmur helmingur svarenda (52%) segir að umsóknarblöð vegna aðstoðar við foreldra séu tiltæk. Munur er á svörum eftir starfsvettvangi og þeir sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustuna (57%) og leikskólastjórar (53%) eru sem fyrr mun líklegri svara þessu játandi en grunnskólastjórar (38%). Lítil munur er á svörum eftir rekstrarformi.

Spurning 8 (a-i): Hversu mikla áherslu leggur skólaþjónustan á að veita nemendum og foreldrum stuðning með eftirtöldum aðgerðum?

Í þessari spurningu var kannað hversu mikla áherslu skólaþjónustan leggur á að veita nemendum og foreldrum stuðning með ýmiss konar aðgerðum. Í spurningum 8a–8e er dreifing svara mjög svipuð og er því fjallað um þessar spurningar í einu lagi.

8a) Ráðgjöf vegna námsvanda

8b) Ráðgjöf vegna félagslegs vanda barns/nemanda (heimilisaðstæður, samskipti í skóla, efnahagsleg staða, þjóðfélagsleg staða, t.d. nýbúar)

8c) Ráðgjöf vegna sálræns vanda barns/nemanda

8d) Ráðgjöf vegna hegðunarvanda barns/nemanda

8e) Greiningum á námslegri stöðu barns/nemanda

Í svörum við öllum þessum spurningum telur mikill meirihluti svarenda að áherslan á það sem um er spurt sé mjög eða frekar mikil. Hlutfallið er á bilinu 66–76% og hlutfall þeirra sem telja hana litla eða enga er á bilinu 15–26%. Í öllum spurningunum kemur fram sama mynstur þegar svörin eru greind eftir stafsveitvangi svarenda: Í hópi skólastjóra telja hlutfallslega fæstir áhersluna mikla (47–69%) og áberandi fæstir þeirra telja hana mjög mikla. Aftur á móti telja um og yfir 90% forsvarsmanna skólaþjónustu áhersluna mikla og á bilinu 72–85% leikskólastjóra. Hvergi er munur eftir rekstrarformi skólaþjónustu.

8f) Skilafundum með foreldrum í kjölfar greiningar

Þegar spurt var um áherslu skólaþjónustunnar á skilafundi með foreldrum í kjölfar greiningar eru svörin nokkuð afgerandi því ríflega 91% svarenda telur þá áherslu vera mjög eða fremur mikla. Lítil munur er á svörum eftir stöðu stjórnenda og rekstarformi.

8g) Sértekum og reglulegum stuðningi við barn utan skólans í framhaldi af greiningu

Ekki virðist vera mikil áhersla lögð á sértekan og reglulegan stuðning við börn utan skólans í framhaldi af greiningu. Einungis 28% svarenda telja þessa áherslu mikla en tæp 53% telja hana vera fremur litla/mjög litla. Næstum því fimmtungur svarenda telur sig ekki vita þetta.

Mikill munur er á svörum eftir starfsveitvangi stjórnenda. Einungis 10% grunnskólastjóra telja að áherslan sé mikil og rúmlega þriðjungur leikskólastjóra er sama sinnis en 29% þeirra telja sig þó ekki geta lagt mat á þetta. Eins og víða annars staðar er hlutfall þeirra sem telur áhersluna mikla hæst meðal forsvarsmanna skólaþjónustu eða 53%.

8h) Sértekum og reglulegum stuðningi við foreldra í framhaldi af greiningu

8i) Reglulegum stuðningi við barn í almennri kennslustofu í framhaldi af greiningu

Dreifing svara við þessum tveimur spurningum er svipuð. Um eða innan við helmingur svarenda (42% í spurningu 8h og 52% í spurningu 8i) telur að skólaþjónustan leggi mjög eða frekar mikla áherslu á stuðning af því tagi sem spurt er um en 46% og 36% svarenda (í sömu röð) telur að þessi áhersla sé lítil eða engin. Í báðum spurningum telja 12% sig ekki geta lagt mat á þetta.

Í báðum spurningum kemur fram mikill munur á svörum stjórnenda. Aðeins 11% (spurning 8h) og 26% (spurning 8i) grunnskólastjóra telja þessa áherslu vera mikla en 57% og 62% leikskólastjóra og 64% og 85% þeirra sem eru í forsvari skólaþjónustunnar telja svo vera. Í báðum spurningum er hlutfall þeirra sem ekki telja sig geta svarað þessu langhæst meðal leikskólastjóra (18% og 20%). Ekki kemur fram mikill munur eftir rekstrarformi.

8j) Stuðningi á heimili í framhaldi af greiningu

8k) Skipulögðum fræðslufundum fyrir foreldra í framhaldi af greiningum

Í svörum við þessum tveimur spurningum kemur einnig fram svipuð dreifing. Sextán prósent (spurning 8j) og 26% (spurning 8k) svarenda telja áherslu á þennan stuðning mjög eða fremur mikla en rúm 60% telja hana litla eða enga. 26% og 16% telja sig ekki vita hver áherslan er. Í báðum spurningum er hlutfall þeirra sem telja áherslu á þennan stuðning mikla langlægst meðal grunnskólastjóra (4% og 13%) en svör leikskólastjóra og forsvaramanna skólaþjónustu eru á svipuðu róli; rúmlega fimmtungur þeirra telur mikla áherslu á stuðning við heimili í framhaldi af greiningu en 25–30% þessara stjórnenda telja áherslu á fræðslufundi mikla. Hér skera leikskólastjórar sig aftur úr að því leyti að í þeim hópi er hlutfall svarenda sem telur sig ekki geta svarað þessu hæst.

Spurning 10 (a–j): Hversu mikla eða litla áherslu leggur skólaþjónustan á að veita starfsfólki skóla stuðning með eftirfarandi aðgerðum?

Í 10. spurningu voru svarendur beðnir að leggja mat á hversu mikla eða litla áherslu skólaþjónustan leggur á að veita starfsfólki skóla stuðning með ýmsum aðgerðum. Svarmöguleikarnir eru: Mjög mikla, frekar mikla, fremur litla, mjög litla/enga, veit ekki.

10a) Almennum ráðgjafafundum/fræðslufundum fyrir kennara

10b) Almennri kennslufræðilegri ráðgjöf við kennara í daglegu starfi með nemandanum/barninu

Svör við þessum tveimur spurningum eru nálægt því að skiptast til helminga milli þeirra sem telja áhersluna mjög eða fremur mikla og þeirra sem telja hana fremur litla, mjög litla eða enga. Athyglisvert er hversu hátt hlutfall svaranna fellur í síðari flokkinn; 46% í spurningu 10a og 54% í spurningu 10b.

Í báðum spurningunum er mikill munur á svörum eftir starfsvettvangi svaranna. Hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla er langlægst með grunnskólastjóra (33% í spurningu 10a og 29% í spurningu 10b) meðan hlutfall þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu er 82% og 59%. Munurinn er annars vegar 48 prósentustig og hins vegar 30 prósentustig. Hlutfall leikskólaskólastjóra er þarna á milli og nær hlutfalli forsvarsmanna en grunnskólastjóranna. Munur eftir rekstrarformi er ekki markverður en hann er þó í þá áttina að hlutfallslega fæstir þeirra sem búa til eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum telja að skólaþjónustan leggi mikla áherslu á það sem um er spurt.

10c–d) Ráðgjöf við kennara vegna sértækra þarfa viðkomandi nemanda/barns

Þegar spurt er um ráðgjöf til kennara vegna sértækra þarfa tiltekinna nemenda (í skólastarfi) hækkar hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla umtalsvert og verður um það bil tveir þriðju en sama munstur og áður má sjá í skiptingu svara eftir starfsheitum.

10e) Skipulögðum fræðslufundum/starfsþróun

10f) Ráðgjöf við kennara vegna þróunarverkefna

10g) Ráðgjöf vegna starfsumhverfis

10h) Ráðgjöf við innra mat skóla/sjálfsmat starfsumhverfis

10i) Ráðgjöf við skólastjórnendur á vettvangi

Í spurningu 10e skiptist hlutfall þeirra nokkurn veginn til helminga sem telja annars vegar mikla áherslu (48%) og hins vegar litla eða enga áherslu lagða (49%) á það sem um er spurt. Í hinum spurningunum fjórum (10f–10i) er hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla frá fimmtungi upp í rúmlega þriðjung. Hlutfall þeirra sem telja áhersluna mjög mikla er alls staðar mjög lágt, frá 2,4% upp í rúm 9%. Hlutfall þeirra sem telja áhersluna mjög litla eða enga er á bilinu 21% til 28%, nema í spurningu 10e þar sem það er 13%.

Eins og í fyrri liðum spurningarinnar (10a–10d) er mikill munur á svörum eftir starfsvettvangi svarenda. Þessi munur er allur í sömu átt, þótt hlutföllin séu mismunandi eftir spurningum. Í öllum tilvikum telja hlutfallslega fæstir grunnskólastjóra að áherslan á það sem spurt er um sé mikil og víðast telja örfáir eða jafnvel enginn (í spurningum 10f, 10g og 10i) hana mjög mikla. Í öllum tilvikum er hlutfall þeirra sem telja áhersluna mikla hæst í hópi forsvarsmanna skólaþjónustunnar. Í spurningu 10i er munurinn milli þeirra og grunnskólastjóranna 53 prósentustig og í hinum spurningunum á bilinu 18–34 prósentustig. Leikskólastjórar eru svo þarna á milli og víðast hvar eru svör þeirra nær svörum forsvarsmanna skólaþjónustunnar en kollega þeirra í grunnskólunum.

Óverulegur munur er á svörum eftir rekstarformi. Hann er þó alls staðar í þá áttina að hlutfallslega fæstir þeirra sem búa við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum telja að skólaþjónustan leggi mikla áherslu á það sem um er spurt.

Spurning 12 (a-e): Hvernig er samstarfi háttað milli annars vegar þeirra sérfræðinga sem greina þroska-, félags-, sálfræði- og hegðunarlega þætti og námsvanda hjá nemendum innan skólaþjónustunnar og hins vegar þeirra sérfræðinga hennar sem styðja við starfsfólk og starfshætti skóla?

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir um að merkja við allt sem ætti við og möguleikarnir voru eftirfarandi: Teymisvinna, samráðsfundir, vinnuferlar, ekkert samstarf, annað. Í úrvinnslunni í grunnskýrslunni í viðauka 1 er notað skífurit sem sýnir þá sem merkja við hvern svarmöguleika (á við) og þá sem ekki gera það (á ekki við). Litið er svo á að þeir síðarnefndu svari ekki. Gerð er grein fyrir svörum við spurningum 12a–12e í einu lagi hér á eftir.

12a) Teymisvinna

12b) Samráðsfundir

12c) Vinnuferlar

Greinilegt er að teymisvinna og samráðsfundir eru algengustu samstarfsformin og það er í samræmi við það sem kemur fram í greiningu á svörum við 19. spurningu, sem er opin spurning. Fjórutíu og sex prósent telja að teymisvinna eigi við og 62% telja að samráðsfundir geri það. Vinnuferlar sem hluti af samstarfi eru í þriðja sæti en rétt innan við þriðjungur svarenda telur þá eiga við.

Í svörum við þessum tveimur spurningum er munur eftir starfsvettvangi svarenda í þá átt að hlutfallslega fæstir grunnskólastjórar telja að vinnuformin sem spurt er um eigi við; tæpur þriðjungur þeirra telur að teymisvinna eigi við, helmingur að samráðsfundir geri það og innan við fimmtungur að vinnuferlar séu svárið. Aftur á móti telja tveir þriðju þeirra sem eru forsvari fyrir skólaþjónustu að teymisvinna eigi við, yfir 81% að samráðsfundir geri það og 57% að vinnuferlar séu það sem einkennir samstarfsformið. Leikskólastjórar eru þarna á milli og svör þeirra nær svörum forsvarsmanna en grunnskólastjóra. Lítil munur er eftir rekstrarformi og engin sjáanleg hneigð í dreifingu á svörum.

Spurning 13 (a-q): Taktu afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga

Í þessari spurningu voru svarendur beðnir að taka afstöðu til 17 fullyrðinga um frumkvæði skólaþjónustunnar að ýmiss konar ráðgjöf til kennara og skóla. Í öllum svörunum kom fram hliðstæð dreifing og má segja að saman sýni þau ákveðna heildarmynd. Því er fjallað um svörin í einu lagi. Fullyrðingarnar eru eftirfarandi:

13a) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að heimsóknum í skólana

13b) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að heimsóknum í kennslustundir

13c) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við nýliða

13d) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við kennara vegna samstarfs við foreldra

13e) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við starfendarannsóknir

13f) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við starf kennara

13g) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við starf skólastjórna

13h) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf um kennslufræðilega forystu

13i) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að vettvangsathugunum í skólum

13j) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf vegna velferðar nemenda

13k) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við þróunarverkefni

13l) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við mat á skólastarfi

13m) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við gerð skólanámskrár

13n) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við starfsþróun kennara

13o) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við starfsþróun skólastjóra

13p) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við þróun hæfnimiðaðs námsmats

13q) Skólaþjónusta sveitarfélagsins hefur frumkvæði að ráðgjöf við þróun leiðsagnarmats

Í svörum við öllum þessum spurningum kemur fram hliðstæð dreifing þannig að hlutfall þeirra sem telja að skólaþjónustan hafi mjög oft eða oft frumkvæði að því sem fram kemur í fullyrðingunum er mun lægra en hlutfall þeirra sem telja að það gerist frekar sjaldan, mjög sjaldan eða aldrei. Hlutfall þeirra sem telja að frumkvæðið eigi sér oft stað er innan við fimmtungur í sex tilvikum og innan við þriðjungur í átta tilvikum til viðbótar. Hlutfall þeirra sem telja að frumkvæðið eigi sér mjög oft stað er hverfandi lágt, í 15 tilvikum af 17 um og innan við 5%. Hlutfall þeirra sem telja að frumkvæðið eigi sér sjaldan stað er tveir þriðju eða meira í fjórtán spurninganna og í sjö spurningum er hlutfall þeirra sem telja að það eigi sér mjög sjaldan eða aldrei stað 40% eða meira. Meðal þeirra verkefna er ráðgjöf við nýliða, ráðgjöf við starfendarannsóknir, gerð skólanámskrár og þróun leiðsagnarmats.

Í öllum spurningunum er marktækur munur á svörum grunnskólastjóra, leikskólastjóra og forsvarsmanna skólaþjónustu um frumkvæði skólaþjónustunnar. Hlutfall þeirra fyrst nefndu sem telja að það sé oft til staðar er alls staðar lægst, nema í einu tilviki (spurning 13q), en hlutfall þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu alls staðar hæst. Í átta fullyrðingum er munurinn á milli hlutfalls grunnskólastjóra og forsvarsmanna skólaþjónustu 40 prósentustig eða meira og í þremur tilvikum yfir 50 prósentustig. Óvíða er afgerandi munur á svörum grunnskólastjóra og leikskólastjóra. Í átta tilvikum er hann á bilinu 10–16 prósentustig. Í einu tilviki er hann meiri, 19 prósentustig.

Hvergi er teljandi munur á svörum eftir rekstrarformi skólaþjónustu en þó helst sú hneigð að hlutfallslega fæstir þeirra sem búa við eigin skólaþjónustu með föstum starfsmönnum telji frumkvæðið eiga sér oft stað.

Spurning 14 (d, e, f, h): Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

Í spurningu 14 voru sarendur beðnir að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru fjórum fullyrðingum sem falla undir starfshætti skólaþjónustunnar. Gerð er grein fyrir svörunum í einu lagi hér á eftir. Fullyrðingarnar eru eftirfarandi:

14d) Skólaþjónusta sveitarfélagsins leggur mikla áherslu á að starfsfólk skóla hafi frumkvæði að því efla skólastarfið

14e) Skólaþjónusta sveitarfélagsins leggur áherslu á að skapa umbótamiðaða skólamenningu í skólum sveitarfélagsins

14f) Fræðslufirvöld og skólastjórar eru samstíga um leiðir til að efla skólaþjónustu sveitarfélagsins

14h) Fræðslufirvöld sveitarfélagsins hvetja og styðja starfsmenn skóla til að ígrunda eigin starfshætti

Í svörum við öllum þessum spurningum er mikill meirihluti svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunum. Hlutfall þeirra er frá 59% (í spurningu 14h) upp í 80% (í spurningu 14d). Um eða innan við fimmtungur er mjög sammála. Á bilinu 8% (í spurningu 14d) til 33% (í spurningu 14h) er ósammála og um eða rétt innan við tíund svarenda telur sig ekki vita svarið.

Alls staðar er munur á svörum eftir starfsheiti svarenda í þá áttina að grunnskólastjórar eru ólíklegastir til að vera sammála fullyrðingunum en þeir sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu líklegastir. Hlutfall grunnskólastjóra sem er sammála fullyrðingunum er frá 49% (í spurningu 14h) upp í 73% (í spurningu 14d). Hlutfall forsvarsmanna er frá 72% upp í 91%, í sömu röð. Munurinn á svörum þessara tveggja hópa er um og yfir 30 prósentustig í öllum spurningum. Svör leikskólastjóra eru nálægt því að vera mitt á milli. Enginn teljandi munur er á afstöðu til þessara fullyrðinga eftir rekstrarformi skólaskrifstofa.

Starfsskilyrði skólaþjónustu

Í þessum kafla skýrslunnar er gerð grein fyrir liðum a, b, c, d og g í spurningu 14 en þeir fjalla um það hversu vel skólaþjónustan er í stakk búin til að bregðast við óskum um þjónustu, hvaða áhrif mönnun, sérfræðiþekking starfsmanna og áhersla á stöðugleika í þjónustunni hefur á starfsemina, og hversu mikla áherslu skólaþjónustan leggur á frumkvæði starfsmanna að því að efla skólastarfið. Spurt er hversu sammála eða ósammála svarendur eru fullyrðingum um þetta:

14a) Skólaþjónusta sveitarfélagsins er vel í stakk búin til að bregðast við óskum skólastjóra um þjónustu

Um 67% eru mjög eða fremur sammála þessari fullyrðingu en 29% eru henni fremur eða mjög ósammála.

Marktækur munur á svörum skólastjóra leik- og grunnskóla og forsvarsmanna skólaþjónustu. Sjötíu prósent leikskólastjóra eru sammála fullyrðingunni en 54% skólastjóra grunnskóla eru það. Þá eru forsvarsmenn skólaþjónustu mun jákvæðari en skólastjórarnir og eru 88% þeirra sammála fullyrðingunni. Ekki er teljandi munur á svörum eftir rekstrarformi skólaþjónustu.

14b) Erfiðleikar í mönnun skólaþjónustunnar hafa neikvæð áhrif á starfsemi hennar

Jafn hátt hlutfall svarenda (44%) er sammála og ósammála þessari fullyrðingu. Ekki er marktækur munur milli svara skólastjóra og þeirra sem eru í forsvari fyrir skólaþjónustu en athygli vekur að um það bil 17% grunnskólastjóra og 15% leikskólastjóra telja sig ekki geta tekið afstöðu eða telja að fullyrðingin eigi ekki við en enginn í forsvari fyrir skólaþjónustu telur svo vera.

Þótt ekki sé marktækur munur á svörum eftir rekstrarformi skólaþjónustu má sjá tilhneigingu í þá átt að þar sem skólaþjónustan er rekin sem samstarfsverkefni sveitarfélaga (byggðasamlag) er töluvert hærra hlutfall svarenda en í öðrum rekstrarformum mjög sammála því að erfiðleikar í mönnun hafi neikvæð áhrif á starfsemi skólaþjónustunnar.

14c) Sérfræðiþekking starfsmanna skólaþjónustunnar ræður mestu um áherslur innan hennar

Meirihluti svarenda, eða 65%, eru mjög eða fremur sammála þessari fullyrðingu en 21% er henni fremur eða mjög ósammála. Tæp 14% telja sig ekki geta tekið afstöðu eða telja að fullyrðingin eigi ekki við.

Marktækur munur er á svörum eftir starfsheiti svarenda. Hlutfallslega flestir í hópi grunnskólastjóra (76%) eru fullyrðingunni sammála en hlutfall leikskólastjóra og forsvarsmanna skólaþjónustu er á líku róli (um 60%). Auk þess telur hærra hlutfall grunnskólastjóra (14%) og leikskólastjóra (17%) en forsvarsmanna skólaþjónustu (3%) sig ekki geta tekið afstöðu eða telja að spurningin eigi ekki við.

Ekki er marktækur munur á svörum eftir rekstrarformi. Áhugavert er þó að þar sem um er að ræða eigin skólaþjónustu með aðkeyptri þjónustu í bland er lægst hlutfall svarenda (7%) sammála fullyrðingunni.

14g) Mikil áhersla er á það meðal fræðsluyfirvalda sveitarfélagsins að tryggja stöðugleika í skólaþjónustu

Hér eru 70% eru mjög eða fremur sammála fullyrðingunni en 19% voru fremur eða mjög ósammála henni.

Munur er á svörum eftir starfsheiti svarenda í þá veru að hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingunni er langhæst meðalforsvarsmanna skólaþjónustu, eða 91% á móti rúmlega tveimur þriðju grunnskóla- og leikskólastjóra. Ekki er teljandi munur á svörum eftir rekstrarformi.

Samstarf skólaþjónustu við ýmsa aðila og stofnanir

Í spurningum 15–22 er spurt um samstarf skólaþjónustunnar við félagsþjónustu sveitarfélagsins (spurningar 15–17), heilbrigðisþjónustu (spurningar 18–20) og um skólaþjónustu við framhaldssóla (spurningar 21 og 22). Spurningarnar eru eftirfarandi:

Spurning 15: Hversu mikið eða lítið samstarf er á milli skólaþjónustu og félagsþjónustu sveitarfélagsins?

Hér telur meirihluti svarenda (62%) að samstarfið sé mjög mikið eða frekar mikið. Rúmlega 12% svarenda telja þetta samstarf frekar lítið en tæp 18% svarenda telja sig ekki vita þetta.

Þegar svörin eru skoðuð eftir starfsheiti svarenda kemur fram mikill munur á svörum skólastjóra annars vegar og forsvarsmanna skólaþjónustu hins vegar. Meðan 60% skólastjóra grunnskóla og 57% skólastjóra leikskóla telja þetta samstarf mikið, telja 88% forsvarsmanna skólaþjónustu að svo sé. Einnig vekur athygli að 16% grunnskólastjóra og um fjórðungur leikskólastjóra telja sig ekki vita þetta.

Þegar svörin eru greind eftir rekstarformi skólaþjónustunnar sést að innan þriggja algengustu rekstrarformanna (eigin skólaþjónusta með föstum starfsmönnum, eigin skólaþjónusta og aðkeypt þjónusta og skólaþjónusta sem samstarfsverkefni) telja á bilinu 58%–67% svarenda að samstarfið sé mjög mikið eða frekar mikið. Þessi munur er þó ekki marktækur.

Í framhaldi af spurningu 15 voru svarendur spurðir í tveimur opnum spurningum í hverju samstarfið væri fólgið (spurning 16) og hvað (ef eitthvað) hindraði það (spurning 17).

Spurning 16: Í hverju er samstarfið fólgið?

Við spurningu 16 komu samtals 126 svör; 55 þeirra frá grunnskólastjórum (frá 54% svarenda í þeim hópi), 42 frá leikskólastjórum (frá 32% svarenda í þeim hópi) og 29 svör frá forsvarsmönnum skóla-skrifstofa (frá 78% svarenda í þeim hópi).

Svörum allra hópanna við spurningu 16 má í grófum dráttum skipta í tvennt: svör um form samstarfs skólaþjónustu og félagsþjónustu og svör um inntak samstarfsins. Svörin um form lúta flest að því að lýsa því að um sé að ræða sömu stofnun eða stofnanir sem séu reknar af sama sveitarfélagi, að starfsmenn hafi sama yfirmann eða deili starfsaðstöðu eða að sami starfsmaður sinni bæði skóla- og félagsþjónustu. Nokkur svör, einkum leikskólastjóra og forsvarsmanna skólaþjónustu, lýsa því að verið sé að taka nýja stefnu eða gera tilraunir til að þróa samstarf þessara aðila. Ekki kemur fram í hverju stefnubreytingin eða nýbreytningin í samstarfi sé fólgin að öðru leyti en því að nokkrir leikskólastjórar og einn forsvarsmáður (væntanlega allir úr sama sveitarfélagi) nefna tilraunverkefnið *Brúna* í þessu sambandi.

Svör hópanna um inntak samstarfsins eru einnig keimlík. Langflest eru þau svör sem lýsa samráði, fundum eða teymisvinnu (s.s. starfi nemendaverndarráðs) um málefni einstakra nemenda. Áberandi hugtök sem notuð eru í þessum svörum eru „(nemenda)vandi, erfiðleikar, málefni nemenda, greiningar/ greiningarteymi/greiningarúrræði, leit að úrræðum, ferlar og viðbrögð, sérkennsla, sálfræðiþjónusta og viðtöl“. Mörg svör lúta samhliða að barnavernd og fjölskyldum. Fræðsla er nokkrum sinnum nefnd í samhengi við málefni einstakra nemenda. Einungis örfá svör (þrjú frá forsvarsmönnum og eitt frá grunnskólastjórum) lúta að einhverju sem tengja má við starfs- eða skólaþróun. Í þessum fjórum svörum eru nefnd „endurmenntun/námskeið/starfsþróun, námskeið fyrir börn, nemendur og kennara, og þróunarverkefni“.

Spurning 17: Hvað, ef eitthvað, hindrar samstarf þessara aðila?

Mun færri svör komu við spurningu 17 (hvað, ef eitthvað hindrar samstarf skólaþjónustu og félagsþjónustu); samtals 48 þegar frá eru talin svörin *nei* eða *veit ekki*. Langflest svaranna (17 af 48 eða u.þ.b. 35%) lýsa því að tímaskortur og mannekla hindri samstarfið. Því er þó hvergi lýst nánar hvernig þessi hindrun komi fram í starfinu. Níu svör fela í sér þá skýringu að einhvers konar ytra skipulag, til dæmis skipurit sveitarfélags eða staðsetning þjónustunnar og starfsmanna hennar, hindri samstarfið eða þá að formlegur samstarfsvettvangur sé ekki til staðar. Álíka mörg svör gefa til kynna að ólíkar forsendur þessarar þjónustu, einkum trúnaðarskylda félagsþjónustunnar, standi í vegi fyrir samstarfi. Í jafn mörgum svörum er staðhæft að ekkert komi í veg fyrir samstarf, þótt ekki sé hægt að segja til um hvort þau svör beri vott um að samstarf sé til staðar eða ekki.

Spurning 18: Hversu mikið eða lítið samstarf er á milli skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu?

Í svörum við þessari spurningu kveður við talsvert annan tón en í 15. spurningu (um samstarf skóla og félagsþjónustu). Einungis 1,5% svarenda (á móti 19% í 15. spurningu) telja að þetta samstarf sé mjög mikið og rétt innan við þriðjungur (á móti 44% í 15. spurningu) telur þetta samstarf frekar mikið. Þrjátíu og sjö prósent svarenda telja samstarf við heilsugæsluna lítið og 30% annað hvort vita ekki svarið (27%) eða telja spurninguna ekki eiga við (3%).

Í svörum við spurningunni kemur aftur fram mikill munur milli svarendahópa. Helmingur forsvarsmanna skólaþjónustu telur samstarf við heilbrigðisþjónustuna vera mikið, 36% leikskólastjóra telur svo vera en einungis rúmlega fimmtingur grunnskólustjóra er sama sinnis.

Lítill munur er á svörum við þessari spurningu eftir rekstrarformi skólaskrifstofa. Innan þriggja algengustu rekstrarformanna (eigin skólaþjónusta með föstum starfsmönnum, eigin skólaþjónusta og aðkeypt þjónusta og skólaþjónusta sem samstarfsverkefni) telur nánast enginn samstarfið vera mikið og þeir sem telja það frekar mikið eru frá því að vera rúmum fimmtingur upp í 36%. Aðrir telja samstarfið annað hvort lítið, vita ekki um það, eða telja spurninguna ekki eiga við.

Í framhaldi af spurningu 18 voru svarendur spurðir í tveimur opnum spurningum í hverju samstarfið væri fólgið (spurning 19) og hvað (ef eitthvað) hindraði það (spurning 20).

Spurning 19: Í hverju er samstarfið fólgið?

Við spurningu 19 komu alls 106 svör; 32 þeirra frá grunnskólustjórum (frá 32% svarenda í þeim hópi), 47 frá leikskólustjórum (frá 36% svarenda í þeim hópi) og 27 svör frá forsvarsmönnum skólaskrifstofa (frá 73% svarenda í þeim hópi). Svör við þessari spurningu eru að því leyti frábrugðin svörum við 16. spurningu, þar sem spurt var um samstarf við skólaþjónustu og félagsþjónustu, að hér er ekki um það að ræða að þessi þjónustukerfi séu staðsett á sama stað eða hafi sameiginlegan yfirmann. Aftur á móti virðast skjólahjúkrunarfræðingar víða hafa fasta viðveru í grunnskólum og sitja reglulega fundi nemendaverndarráðs. Þar með má segja að um sé að ræða beint samstarf milli skóla og heilsugæslu frekar en samstarf skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Að öðru leyti eru svörin í sama anda og svörin við 16. spurningu og bera með sér að samstarfið sé einkum fólgið í samráði, fundum og teymisvinnu (einkum eru nemendaverndarráð nefnd) um málefni einstakra nemenda. Mikill meirihluti svara grunnskólustjóra og forsvarsmanna skólaþjónustu lýtur að þessu. Málefni nemenda eru iðulega nefnd sem „(einstök) mál, (heilsufars)vandi, erfiðleikar nemenda eða frávík“. Í grunnskólunum virðist aðkoma heilsugæslunnar oftast vera í gegnum skólahjúkrunarfræðing sem hefur viðveru í skólunum og situr fundi nemendaverndarráðs og einnig eru nefnd teymi

utan um einstök mál. Í nokkrum svörum er talað um aðkomu sálfræðings, án þess að ljóst sé hvort um er að ræða sálfræðing á vegum heilsugæslu eða skólaþjónustu, og í einu svari frá forstöðumanni skólaþjónustu er talað um samstarf sálfræðinga heilsugæslu og skólaþjónustu. Í fjórum svörum frá forstöðumönnum er minnst á samstarf við BUGL. Í fáeinum svörum er vikið að almennri velferð barna, samstarfi um fræðslu fyrir foreldra og fjölskylduteymi sem ekki kemur fram hvaða hlutverk hefur eða hvenær er virkjað.

Svör leikskólastjóranna eru að því leyti frábrugðin ofangreindum svörum að þar kemur heilsuvernd barna, ungbarnaeftirlit og barnaskoðanir mun meira við sögu. Nefnt er að hjúkrunarfræðingar komi í leikskóla til gera tveggja og hálf, þriggja ára og fjögurra ára skoðanir og að heilsugæslan hafi samband við leikskóla ef börn „koma ekki vel út úr“ skoðunum sem gerðar eru þar. Í einu svari er sértaklega tekið fram að „þegar grunur vaknar um frávík í ungbarnaskoðun“ fái skólaþjónustan tilkynningu um það og þótt það sé ekki nefnt sérstaklega í öðrum svörum verður að telja líklegt að þegar um „frávík“ einstakra barna er að ræða sé skólaþjónustunni gert viðvart og hún virkjuð.

Spurning 20: Hvað, ef eitthvað, hindrar samstarf þessara aðila?

Mun færri svör komu við þessari spurningu (um hvað, ef eitthvað hindri samstarf skólaþjónustu og heilbrigðisþjónustu), eða 46 svör þegar frá eru talin svörin *nei* eða *veit ekki*, en þau eru átta talsins. Eins og í 17. spurningu lúta flest svörin að tímaskorti eða manneklu, samtals 15 eða næstum þriðjungur svaranna. Í þessum svörum eru nefndar ástæður á borð við „starfsmannaveltu, manneklu í heilbrigðisþjónustu [og] skort á hjúkrunarfræðingum“. Næst flest svör (átta talsins, sem öll eru úr leikskólum eða frá forsvarsmönnum skólaskrifstofa) lúta að ólíkum forsendum starfseminnar, til dæmis vegna trúnaðarupplýsinga, annað hvort að upplýsingar fylgi ekki nemendum milli sveitarfélaga eða þá að heilsugæslan sé treg til að miðla upplýsingum. Persónuverndarlög eru nefnd í fjórum af þessum svörum. Sjö svör lúta að einhvers konar „kerfishömlum“ eða hömlum sem varða ytra skipulag, svo sem að skólaþjónusta og heilbrigðisþjónusta séu reknar af ólíkum aðilum (annars vegar ríki og hins vegar sveitarfélögum), að það sé langt á milli stofnana eða þá að það vanti skipulag og verkferla. Loks er skortur á samtali og samráði, eða jafnvel vilja til þess, nefndur í nokkrum svörum.

Spurning 21: Hefur skólaþjónusta sveitarfélagsins gert samning við framhaldsskóla um þjónustu?

Spurning 22: Hvað felst í slíkum samningi?

Í ofangreindum tveimur spurningum er spurt hvort skólaþjónustan hafi gert samning um þjónustu við framhaldsskóla og hvað felst í slíkum samningi sé hann til staðar. Þetta virðist vera fátítt því einungis 10% svarendahópsins í heild svara fyrri spurningunni játandi en um tveir þriðju svarenda vita þetta ekki. Forsvarsmenn skólaþjónustunnar virðast best meðvitaðir um þetta; í þeirra hópi eru fæstir sem ekki vita svarið (13%) og flestir sem svara því neitandi; 72% á móti 9% leikskólastjóra og rúmlega fimmtungi grunnskólastjóra.

Eins og við er að búast, miðað við hversu fátíðir samningar skólaþjónustu við framhaldsskóla virðast vera, komu fá svör við spurningu um inntak þeirra. Þegar frá eru talin fáein svör um annað en það sem spurt var um (dreifnám eða að grunnskólanemendur sækji framhaldsáfanga í fjarnámi), ganga öll svörin (sjö talsins) út á sálfræðiþjónustu eða „þjónustu við nemendur sem fengu greiningu í grunnskóla“.

Áskoranir um að mæta kröfum um menntun fyrir alla

Í þessum kafla er gerð grein fyrir svörum við opinn spurningu sem er eftirfarandi:

Spurning 23: Hverjar eru helstu áskoranir í skólum sveitarfélagsins við að mæta kröfum um menntun fyrir alla?

Við spurningunni komu samtals 158 svör sem felur í sér að 59% af þeim sem svöruðu könnuninni svöruðu henni. Af þeim voru 27 forsvaraðilar skólaþjónustu (frá 73% svarenda í þeim hópi), 55 grunnskólastjórar (frá 54% svarenda í þeim hópi) og 76 leikskólastjórar (frá 58% svarenda í þeim hópi). Svörin voru greind með tilliti til þessara hópa um leið og leitað var að því sem var líkt milli þeirra.

Nefnt er í öllum hópum að það sé áskorun að koma til móts við kröfur um menntun fyrir alla. Þótt áskoranirnar snúi vissulega að námslegri stöðu nemenda er svarendum, og þá sérstaklega grunnskólastjórnendum, tíðrætt um áskoranir tengdar líðan og hegðun nemenda, bæði andlega og félagslega, og börnum með fjölþættan vanda.

Svarendum verður einna tíðræddast um að skortur á sérfræðipækkingu og færni til að takast á við áskoranir um menntun fyrir alla sé ein helsta glíman í starfi skóla. Þó má sjá misjafnar áherslur þessa milli leikskólastjóra, grunnskólastjóra og forsvaraðila skólaþjónustu. Grunnskólastjórar líta svo á að áskorunin snúi bæði að sérfræðipækkingu innan skólanna og þeim stuðningi sem skólaþjónustan veitir. Þeir vilja fjölbreyttari starfsstéttir til starfa innan skólanna, fleiri sérkennara og kennaramenntaða. Þeir vilja öflugri skólaþjónustu sem getur veitt sérhæfðari stuðning inn í skólana og stutt betur við starfsþróun kennara og veitt fleiri úrræði. Leikskólastjórnarnir eru nokkuð á sama máli en af svörunum má ráða að erfiðleikar við mönnun leikskólans sé mesti vandi leikskólanna. Þeir telja áskorunina felast í skorti á réttindakennurum og fagþekkingu og vilja að skólaþjónustan og fræðsluyfirvöld styðji betur við nám og endurmenntun kennara og skapi aðstæður sem dragi að réttindafólk. Þessu tengd er ein helsta áskorun leikskólans að bæta starfsaðstæður kennara, aðbúnað og auka rými hvers barns. Þetta virðist vera meiri áskorun í leikskólum en í grunnskólum.

Forsvaraðilum skólaþjónustunnar verður tíðrætt um að áskorunin felist í skorti á færni og þekkingu kennara og þá í því að efla starfsþróun þeirra og fá þá til að breyta vinnubrögðum sínum sem henti betur námi fyrir alla. Nokkrir úr öllum þremur hópunum segja að áskorun felist í að takast á við og breyta viðhorfi kennara (og annarra starfsmanna) og jafnvel skólastjóra og foreldra. Telja þeir að styrkja þurfi sameiginlega sýn skólasamfélagsins á menntun. Nokkrir nefna að löggjöf og aðkomu heilbrigðisgeirans þurfi að bæta og að auka þurfi samtal milli ráðuneyta og milli þeirra sem koma að heilbrigðis- og félagsmálum nemenda.

Bakgrunnsspurningar

Spurningar 24–30 eru um bakgrunn þátttakenda, þ.e. kyn, lífaldur, starfsheiti og menntun. Ekki er gerð grein fyrir þeim sérstaklega í þessari samantekt en vísað til grunnskýrslunnar í viðauka.